



Ég kveiki á kertum mínum
við krossins helga tré.
Í öllum sálum sínum
hinn seki beygir kné.
Ég villtist oft af vegi.
Ég vakti oft og það.
Nú hallar helgum degi
á Hausaskeljastað.

Í gegnum móðu' og mistur
ég mikil undur sé.
Ég sé þig koma, Kristur,
með krossins þunga tré.
Af enni daggir drjúpa,
og dýrð úr augum skín.
Á klettinn vil ég krjúpa
og kyssa sporin þín.

Ég fell að fótum þínum
og faðma lífsins tré.
Með innri augum mínum
ég undur mikil sé.
Þú stýrir vorsins veldi
og verndar hverja rós.
Frá þínum ástareldi
fá allir heimar ljós.

Davíð Stefánsson frá Fagraskógi



Moldun

Almennur söngur

Allt eins og blómstrið eina
upp vex á sléttri grund
fagurt með frjóvgun hreina
fyrst um dags morgunstund,
á snöggu augabragði
af skorið verður fljótt,
lit og blöð niður lagði -
líf mannlegt endar skjótt.

Ég lifí' í Jesú nafni,
í Jesú nafni' eg dey,
þó heilsa' og líf mér hafni,
hræðist ég dauðann ei.
Dauði, ég óttast eigi
afl þitt né valdið gilt,
í Kristí krafti' eg segi:
Kom þú sæll, þá þú vilt.
Hallgrímur Pétursson

Blessun

Eftirspil

Intermezzo

P. Mascagni

Prestur: Sr. Ólöf Margrét Snorradóttir

Organisti: Kristján Hrannar Pálsson

Söngur: Kammerkór Akraneskirku

Útfararþjónusta Akraneskirku

Jarðsett verður í Innra-Hólmskirkjugarði

***Ástvinir þakka auðsýnda samúð og vinarhug og bjóða
viðstöddum að þiggja veitingar í Safnaðarheimilinu
Vinaminni að athöfn lokinni***



Jóhanna Þórdís Þórarinsdóttir

Fædd 10. desember 1937

Dáin 3. ágúst 2022



*Útför frá Akraneskirku
fimmtudaginn 11. ágúst 2022*

Forspil
Blátt lítið blóm eitt er
F. Küchen

Bæn

Draumanna höfgi dvín,
dagur í austri skín,
vekur mig,
lífi vefur
mjúka mildings höndin þín.

Dagleiðin erfið er,
óvíst hvert stefna ber,
leið mig
langa vegu
mjúka mildings höndin þín.

Sest ég við sólarlag,
sátt er við liðinn dag,
svæfir mig
svefni værum
mjúka mildings höndin þín.
Eygló Eyjólfsdóttir

Ritningarorð

Nú hverfur sól í haf
og húmið kemur skjótt.
Ég lofa góðan Guð,
sem gefur dag og nótt,
minn vökudag, minn draum og nótt.

Lát daga nú í nótt
af nýrri von og trú
í myrkri hels og harms
og hvar sem gleymist þú
á jörð, sem átt og elskar þú.

Þú vakir, faðir vor,
ó, vernda börnin þín,
svo víð sem veröld er
og vonarstjarna skín,
ein stjarna hljóð á himni skín.

Kom, nótt, með náð og frið,
kom nær, minn faðir hár,
og leggðu lyfstein þinn
við lífsins mein og sár,
allt mannsins böll, hvert brot og sár.
Sigurbjörn Einarsson

Ritningarorð

Ó, ást, sem faðmar allt! Í þér
minn andi þreyttur hvílir sig,
þér fús ég offra öllu hér,
í undradjúp þitt varpa mér.
Þín miskunn lífgar mig.

Ó, fagra lífsins ljós, er skín
og lýsir mér í gleði og þraut,
mitt veika skar það deyr og dvín,
ó, Drottinn minn, ég flý til þín,
í dagsins skæra skaut.

Ó, gleði', er skín á götu manns
í gegnum lífsins sorgarský.
Hinn skúradimmi skýjafans
er skreyttur litum regnbogans
og sólin sést á ný.

Ó, ég vil elska Kristi kross,
er kraft og sigur veitir mér.
Að engu met ég heimsins hnoss,
því Herrann Jesús gefur oss
það líf, sem eilíft er.
Matheson - Sigurbjörn Sveinsson

Guðspjall

Faðir lífsins, faðir minn,
fel ég þér minn anda' í hendur.
foldin geymi fjötur sinn.
Faðir lífsins, Drottinn minn,
hjálpi mér í himin þinn
heilagur máttur, veikum sendur.
Faðir lífsins, faðir minn,
fel ég þér minn anda' í hendur.

Blessuð sértu, sveitin mín,
sumar, vetur, ár og daga.
Engið, fjöllin, áin þín,
yndislega sveitin mín,
heilla mig og heim til sín
huga minn úr fjarlægð draga.
Blessuð sértu, sveitin mín,
sumar, vetur, ár og daga.
*Bjarni Þorsteinsson –
Sigurður Jónsson frá Arnarvatni*

Minningarorð



Sunnan yfir sæinn breiða
sumarylinn vindar leiða.
Draumalandið himinheiða
hlær - og opnar skautið sitt.
Vorið kemur, heimur hlýnar,
hjartað mitt!

Gakk þú út í græna lundinn,
gáðu fram á bláu sundin.
Mundu, að það er stutt hver stundin,
stopult jarðneskt yndi þitt.
Vorið kemur, heimur hlýnar,
hjartað mitt!

Allt hið liðna er ljúft að geyma
láta sig í vöku dreyma.
Sólskindsögum síst má gleyma,
segðu engum manni hitt!
Vorið kemur, heimur hlýnar,
hjartað mitt.
Valgeir Guðjónsson - Jóhannes úr Kötlum

Bæn / Faðir vor

